

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-4/2014:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20 janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift og að seljandi greiði sér skaðabætur.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 23. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 5. febrúar. Með bréfi, dags. 11. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 12. febrúar. Með bréfi, dags. 18 febrúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum frestur til þess til 4. mars. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 20. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 25. desember 2013 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 600.000. Var bifreiðin af gerðinni Toyota Avensis, árgerð 2000 og hafði verið ekið 143.000 á kaupdegi. Segir álitsbeiðandi að um viku eftir kaupin hafi hann tekið eftir því að vél bifreiðarinnar brenndi ótæpilegu magni af smurolú, eða um 3-4 lítrum á hverjum 1.000 eknum km. Telur álitsbeiðandi að um meiriháttar leyndan galla sé að ræða á bifreiðinni en segir jafnframt að seljandi hafi hafnað því að hann beri ábyrgð á gallanum. Segir álitsbeiðandi að smurolú hafi vantað á vél bifreiðarinnar þegar hann skoðaði hana fyrir kaupin. Hafi hann spurt seljanda hvort hann þekkti ástæður þessa og hvort hann kannaðist við eitthvað óvenjulegt varðandi smurolúna, en því hafi seljandi neitað og sagt það kæruleysi af sinni hálfu að fylgjast ekki með smurolúnni. Segist álitsbeiðandi hafa vitni af atburðinum, en bróðir hans hafi verið viðstaddur þessar samræður. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi í kjölfarið bætt smurolú á vél bifreiðarinnar til að koma olústöðunni í gott lag og að sögn seljanda hafi hann aðeins þurft að setja tæpan lítra á vélina til að koma olústöðunni í gott lag. Segist álitsbeiðandi hafa tekið frásögn seljanda trúanlega og því keypt bifreiðina. Telur álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki sagt satt og rétt frá hvað varðaði olúbrunann á vélinni en samkvæmt hans eigin mælingum hefði seljandi þurft að bæta a.m.k. tveimur lítrum af olú á vélina til að koma olústöðunni í gott lag.

Næst rekur álitsbeiðandi að olúbrennsla véla í bifreiðum af umræddri gerð sé þekktur galli og hafi framleiðandi m.a. skipt út vélum í sams konar bifreiðum í þeim tilvikum þar sem bruni á smurolú fór yfir 1 lítra á hverja 1.000 ekna km. Telur álitsbeiðandi að framangreint styðji einnig fullyrðingar hans um að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin. Lét álitsbeiðandi umboðsaðila fyrir sams konar bifreiðar mæla olúbrennslu á vélinni og kom í ljós að brennslan var 4,3 lítrar á hverja 1.000 km.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess á kaupunum verði rift sem og að álitsbeiðandi greiði honum útlagðan kostnað við að sannreyna olúbruna á vél bifreiðarinnar, samtals kr.

20.000. Meðfylgjandi álitsbeiðni er m.a. afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af staðfestingu á olíubruna í vél bifreiðarinnar, tímalína samskipta álitsbeiðanda og seljanda o.fl.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að hann hafi keypt hina umþrættu bifreið af þriðja aðila hinn 8. desember 2013. Mun sá aðili hafa átt bifreiðina í rúmt ár. Við kaupin, segist seljandi hafa skoðað bifreiðina gaumgæfilega og spurt út í smur- og þjónustusögu bifreiðarinnar, ásamt því að mæla olú á vél hennar, en hún hafi reynst í hæfilegu magni. Segist seljandi sérstaklega hafa spurt hvort vélin væri að brenna eða smita olú, en því hafi verið svarað neitandi. Þjónustubók bifreiðarinnar hafi verið útfyllt frá upphafi og síðasta smurning skráð í 140.5xx km, en þegar kaupin fóru fram var bifreiðin ekin 142.700 km. Daginn eftir kaupin segist seljandi hafa keypt ný dekk undir bifreiðina og farið með hana í skoðun, sem hún stóðst. Næstu vikuna segist seljandi lítið hafa notað bifreiðina þar sem hann var í prófum. Hinn 16. desember hafi prófatörn lokið og fór þá seljandi strax með bifreiðina á umboðsverkstæði til að láta kanna kraftleysi vélar. Við greiningu hjá umboðsverkstæðinu hafi verið talið að hvarfakútur væri vandamálið. Ekki var nefnt að bifreiðin brenndi olú eða að olú vantaði á hana við skoðunina. Hinn 18. desember segist seljandi hafa farið með bifreiðina á annað verkstæði og kom þar í ljós að hvarfakúturinn var ónýtur. Hinn 23. desember var síðan skipt um kútinn á sama verkstæði. Eftir viðgerðina virtist kraftleysið úr sögunni og segist seljandi hafa verið í góðri trú um að bifreiðin væri komin í fínt stand. Hafi hann því auglýst bifreiðina til sölu.

Segir seljandi að á annan í jólum hafi álitsbeiðandi og bróðir hans komið og skoðað bifreiðina af mikilli nákvæmni ásamt því að reynsluaka bifreiðinni. Segir seljandi að þeim öllu hafi brugðið í brún þegar í ljós kom að olúmagn reyndist í lágmarki. Álitsbeiðandi og bróðir hans hafi velt þessu mikið fyrir sér, enda aðeins 2.500 km frá síðustu smurningu. Skoðuðu þeir þjónustubók bifreiðarinnar, leitað eftir leka eða smiti, en ekkert fundið. Þá skoðuðu þeir púst bifreiðarinnar í leit að sóti eða verksummerkjum um olúbrennslu, kíktu í forðabúr vatnskassa en allt hafi komið fyrir ekkert. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi að þessu loknu sagt að sér litist mjög vel á bifreiðina, fyrir utan olúbrennsluna. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi bent sér á að hreyfa bifreiðina sem minnst og bæta olú á hana og hringja í sig þegar það hefði verið gert. Þar sem allt hefði verið lokað þennan dag segist seljandi hafa lent í vandræðum við að verða sér út um olú, en það hafi þó tekist fyrir rest og hafi hann fengið lánaðan hálfan brúsa af 10W40 olú, sem hann og tæmdi ofan í vél bifreiðarinnar. Síðan segist seljandi hafa hringt í álitsbeiðanda, sem vildi ganga frá kaupunum strax. Var það og gert síðar sama dag.

Segir seljandi að hin umþrættu bifreið hafi verið ekin 142.7xx km þegar hann keypti hana. Þá 18 daga sem hún hafi verið í hans eigu hafi henni verið ekið innan við 500 km og stóð kílómetramælirinn í 143.2xx km við söluna. Segir seljandi að þegar hann keypti bifreiðina hafi ekkert bent til þess að vél hennar brenndi óeðlilegu magni af olú, enda olúmagn hæfilegt við skoðun og útfyllt þjónustubók hafi stutt við feril bifreiðarinnar. Þá hafi fyrri eigandi ekki tilkynnt honum sérstaklega um óeðlilega olúbrennslu.

Seljandi rekur að lokum að álitsbeiðandi og bróðir hans hafi nýtt skoðunarskyldu sína vel og tekið eftir olíuleysi á bifreiðinni. Hefðu þeir því átt að skoða það atriði sérstaklega í stað þess að ganga frá kaupunum samdægurs án frekari athugasemda. Segist seljandi engum upplýsingum hafa leynt við kaupin og hafnar kröfum álitsbeiðanda.

#### V

##### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda er ekki að finna efnislegar athugasemdir við andsvör seljanda, aðeins upplýsingar um áætlaðan kostnað við að gera við vél hinnar umþrættu bifreiðar.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 25. desember 2013 fyrir kr. 600.000. Bifreiðin er árgerð 2002 og fyrsti skráningardagur hennar 9. ágúst 2002. Bifreiðin var því rúmlega 11 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 143.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 25. desember 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda. Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 19. gr. laga nr. 50/200 um lausafjárkaup sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 19. gr. segir:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.“

Í 1. mgr. 20. gr. sömu laga segir síðan að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Fram kemur í atvikalýsingu bæði álitsbeiðanda og seljanda að bifreiðin var skoðuð nokkuð ítarlega af álitsbeiðanda sama dag og kaupin fóru fram hinn 25. desember sl. Við á skoðun tók álitsbeiðandi eftir því að olíu vantaði á vél bifreiðarinnar og mun álitsbeiðandi í kjölfarið hafa gert ítarlegri skoðun á smursögu bifreiðarinnar, sem og hinum ýmsu íhlutum hennar, í þeim tilgangi að finna skýringu á því hverju það sætti að olíu vantaði á vél. Í kjölfar þess að álitsbeiðandi bætti, að eigin sögn, innan við 1 lítra af olíu á vélina, ákvað álitsbeiðandi að kaupa bifreiðina. Helstu röksemdir álitsbeiðanda fyrir kröfum sínum um riftun kaupanna og skaðabótum vegna athugunar á olíubrennslu eru þær að seljanda hafi hlotið að vera ljóst fyrir kaupin að bifreiðin brenndi töluverðu magni af olíu. Þessu hefur seljandi hafnað og vísað til þess að hann hafi aðeins ekið bifreiðinni um 500 km meðan hún var í hans eigu, frá 8. desember til 25. desember, þ.e. í um 17. daga. Þá hafi sá aðili sem seldi honum bifreiðina ekki sagt honum að vél bifreiðarinnar eyddi óeðlilegu magni af olíu. M.v. þær mælingar sem seljandi hefur framvísað um olíubrennslu vélar bifreiðarinnar brennir hún um 4,3 lítrum af

olíu á hverja 1.000 km. Samkvæmt því hefði átt að vanta um tvo lítra af olíu á vél bifreiðarinnar á kaupdegi hinn 25. desember, m.v. akstur seljanda á bifreiðinni frá 9. desember, en ekki innan við 1 lítra, eins og seljandi virðist halda fram í andsvörum sínum. Hve mikla olíu vantaði raunverulega á vél bifreiðarinnar á kaupdegi, liggur hins vegar ekki ljóst fyrir og aðilar málsins ósammála um það. Þrátt fyrir vitneskju álitsbeiðanda um að olíu vantaði á vél bifreiðarinnar á kaupdegi og að ekkert benti til þess að vélin læki olíu, né að smursaga hennar benti til þess að gleymst hafi að halda olíustöðunni við, kaus hann, án frekari athugasemda, að festa kaup á bifreiðinni. Kemur ekkert fram í kaupsamningi og afsali vegna bifreiðarinnar að gerðar séu athugasemdir hvað varði olíu á vél bifreiðarinnar, þótt fullt tilefni væri til þess m.v. atvikalýsingu aðila. Í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sem rakin var hér að framan, kemur fram að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í skýringum við greinina segir m.a. í frumvarpi til laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup:

„Í ákvæði 1. mgr. felst að kaupandinn getur ekki komið fram með kröfu vegna galla ef um er að ræða atvik sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaup áttu sér stað. Ef kaupandi vitandi vits gerir samning þótt hann viti um tiltekinn eiginleika söluhlutarins getur hann ekki síðar borið það fyrir sig að þennan eiginleika beri að telja galla. Í ákvæðinu felst ekki aðeins að kaupandanum hafi verið kunnugt um viðkomandi atvik heldur líka að hann hafi áttað sig á þýðingu þess sem galla. Ef kaupandi naut ekki nauðsynlegrar sérfræðilegrar aðstoðar til að skilja þýðingu tiltekins eiginleika, sem seljandinn vakti athygli hans á, er eftir atvikum samt sem áður ekki útilokað að kaupandinn geti af því tilefni komið fram með kröfu á hendur seljanda vegna galla. Er þetta án efa oft reyndin í neytendakaupum.“

Við umrædd kaup telst hvorugur aðili neytandi í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup og verður að hafa það til hliðsjónar við mat nefndarinnar. Álitsbeiðandi var meðvitaður um að olíu vantaði á vél bifreiðarinnar við kaupin. Hann kaus engu að síður að festa kaup á henni, án þess að gera á henni frekari skoðun, m.a. með því að fara með bifreiðina í söluskoðun til sérfræðings eða láta kanna með ítarlegri hætti hverjar ástæður þess voru að olíu vantaði á vél bifreiðarinnar. Seljandi hefur með gildum rökum haldið því fram að hann hafi ekki vitað af hverju olíuna vantað á vélina, þ.e. að hann hafi ekki, þar sem hann hafði átt bifreiðina í stuttan tíma, vitað að vélin brenndi olíu. Sem fyrr segir liggur ekki ljóst fyrir hve mikla olíu vantaði raunverulega á bifreiðina við kaupin og stendur þar fullyrðing gegn fullyrðingu. Telur kærunefndin því, eins og málum er hér háttað, að ekki sé hægt að fallast á að bifreiðin hafi verið haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 19. gr. laganna, þ.e. að seljandi hafi hlotið að þekkja til olíubrunans og því borið að tilkynna álitsbeiðanda það við kaupin. Eins telur kærunefndin að hvorki a- né c-liður 1. mgr. 19. gr. eigi hér við. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Kærunefndin telur þó rétt að benda á að álitsbeiðandi gæti mögulega, á grundvelli 84. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, gert kröfu á þann aðila er seldi nefndum seljanda bifreiðina hinn 8. desember sl., án þess að afstaða sé tekin til þess hér hverjar gætu verið lyktir slíkrar kröfu, enda er fyrri eigandi bifreiðarinnar ekki aðili að þessu máli.

**VII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir